

Grunnur í margmiðlun

Þátttakendur fá þjálfun í myndvinnslu, hljóðvinnslu, vefsíðugerð og forritun. Miðað er við að miðla grunnhugtökum og að gera nemendur læsa á þau svo þeir hafi grunn til að afla sér frekari þekkingar og færni. Notast er við ókeypis hugbúnað og bæði staðbundið kennsluefni með tilvísun í kennsluefni á netinu.

Aðferðafræði: Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.

Lokamarkmið: Að þátttakendur þekki til og hafi vald á algengum hugtökum myndvinnslu, hljóðvinnslu, vefsíðugerðar og forritunar og hafi öðlast einhverja færni í notkun einfaldra verkfæra á þessu sviði.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Stafrænu myndefni og notkun myndvinnslu til að klippa, breyta og blanda myndefni og skilja tilgang lagskiptingar.
-
- Stafrænu hljóðefni og notkun hljóðvinnslu til að klippa, raða og blanda hljóðefni.
- Stafrænum myndskeiðum
- Notkun HTML og CSS til að útbúa vefsíður.
- Nokkrum grunnhugtökum forritunar og notkun forritunar til að gera vefsíður gagnvirkar.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Halda utan um verkefni í myndvinnslu og að útbúa myndir og myndskeið út frá þeim til notkunar í öðrum hugbúnaði, s.s. ritvinnslu, kynningarforritum eða á vefsíðum.
- Halda utan um verkefni í hljóðvinnslu og að útbúa hljóðefni til að nota í kynningum eða á vef.
- Nota helstu HTML tög og CSS kóða til að útlitsmóta vefsíður og að tengja vefsíður saman í vef.
- Setja forritunarkóða inn í vefsíður til að fá fram einfalda gagnvirkni.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Verða sér úti um frekari færni í gerð vefsíðna og margmiðlunarefnis.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Ástundun nemenda er metin svo og fjöldi verkefni sem skilað er. Lokapróf er í áfanganum.